

Borgfirðingafélagið í Reykjavík

Borgfirðingafélagið í Reykjavík var stofnað 12. desember árið 1945 og starfaði af miklum krafti um áratuga skeið. En tímar breyttust og starfsemin dróst saman með árunum. Að lokum var félagið lagt niður þegar 70 ár voru liðin frá stofnun þess. Var gögnum félagsins og eftirstandandi eignum komið til Safnahúss Borgarfjarðar í lok nóvember 2017. Á starfstíð sinni komu félagsmenn að ýmsum framfaramálum sem héraðið býr að enn í dag, ekki síst í starfsemi Byggðasafns og Sögufélags Borgarfjarðar. Er brýnt að setja helstu upplýsingar um félagið niður á blað í minningu fólksins sem þar starfaði.

Stofnfundur Borgfirðingafélagsins var haldinn að Hótel Röðli í Reykjavík miðvikudaginn 5. desember 1945. Var boðað til hans af nokkrum áhugamönnum og hafði Guðmundur Hjartarson lögregluþjónn orð fyrir þeim.¹ Á fundinum var Guðmundur Illugason fundarstjóri og Halldór Þorbjörnsson fundarritari. Í upphafi ávarpaði Steingrímur Þórisson fundinn og taldi að aðalviðfangsefni félagsins yrði kynningar- og skemmtistarfsemi svo sem tíðkaðist í hliðstæðum félögum. Aðrir sem tóku til máls voru þessir: Þórarinn Magnússon, Jón Hjálmsson, Einar Bachmann og Aðalsteinn Halldórsson. Var ákveðið að stofna nefnd sem semja myndi lög fyrir félagið. Starfaði hún í vikutíma og var framhaldsaðalfundur haldinn miðvikudaginn 12. desember þar sem löggin voru afgreidd. Telst það vera stofndagur félagsins.

Áhugavert er að grípa niður í þessa fyrstu fundargerð félagsins. Meðal annars kom fram í máli Jóns Hjálmssonar að hann vildi að áður en félagið yrði stofnað yrði kannað hvort Fræðafélag Borgfirðinga væri enn með lífsmarki, enda virtist hann skv. fundarritara telja að skemmtanir og bílífi ætti ekki að vera markmið hins nýja félags. Guðmundur Illugason rakti sögu Fræðafélagsins sem í fundargerð er kölluð píslarsaga. Hann sýndi í máli sínu fram á að Fræðafélagið hefði aldrei verið virkt í starfi. Að þessum umræðum loknum var borin upp formleg tillaga um að stofnað yrði félag og var það samþykkt í einu hljóði. Í fimm manna nefnd til að undirbúa stofnunina voru þessir kosnir:

Ólafur Hansson (1909-1981)
 Steingrímur Þórisson (1923-2002)
 Jón Þórisson (1920-2001)
 Þorgeir Sveinbjarnarson (1905-1971)
 Guðmundur Hjartarson (1914-2007)

Eins og sést á lýsingu fundarins og nefndarkosningunni voru konur ekki áberandi í fyrstu undirbúningsskrefunum. Vöktu viðstaddar konur máls á þessu. Í fundargerð segir svo: „Með því að félagsmenn unnu af alhug jafnrétti karla og kvenna, en ógerlegt þótti hinsvegar að svifta nokkurn nefndarmanna umboði, var ákveðið í skyndi að breyta nefndinni í 7 manna

¹ 1945. Fundargerðarbók 1945-2001, bls. 3.

nefnd og kjósa tvær konur í hana. Kosningu hlutu: Sína Ásbjörnsdóttir, Guðrún Sigurðardóttir.“

Í fundagerðarbók eru nöfn 150 stofnfélaga skrifuð auk upplýsinga um fæðingardaga, ár og stað. Eru þetta góðar heimildir um Borgfirðinga og Mýramenn sem þá bjuggu á höfuðborgarsvæðinu. Ennfremur er athyglisverð skilgreining félagsins á hugtakinu Borgfirðingur samkvæmt því hverjir geta orðið félagsmenn. Eru það þeir sem fæddir eru í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað og þeir, sem dvalist hafa þar um alllangt skeið, eiginmenn þeirra eða eiginkonur og börn. Skýrir það að fæðingarstaður manna sé skráður í fundargerð.

Til fyrstu embætta voru þessir kjörnir:

Formaður

Eyjólfur Jóhannsson (1895-1959)

Aðrir stjórnarmenn

Guðmundur Illugason (1899-1986)

Þorgeir Sveinbjarnarson (1905-1971)

Guðmundur Hjartarson (1914-2007)

Sína (Níelsína) Ásbjörnsdóttir (1899-1983)

Steingrímur Þórisson (1923-2002)

Ólafur Hansson (1909-1981)

Varastjórn

Guðrún Sigurðardóttir (1898-1957)

Guðjón Baldvinsson (1908-1990)

Aðalsteinn Halldórsson (1907-1989)

Endurskoðendur

Þórarinn Magnússon (1895-1982)

Björn Vigfússon (1899-1989)

Til vara

Ari Gíslason (1907-1995)

Eggert Benonýsson (1908-1991)

Strax á þessum fyrsta fundi kemur fram áhugi manna á fræðastarfi og sögu héraðsins. Þórarinn Magnússon flutti tillögu um að hafnar yrðu hið bráðasta viðræður við þá sem stóðu að stofnun Fræðafélags Borgfirðinga í maí 1943, tveimur árum fyrr. Vitað væri að þeir ynnu

að söfnun fræðilegra sagna, kvæða og örnefna og væri mikilvægt að fá þessa menn inn í félagið til að vinna að þessum málum innan þess vébanda. Var þetta samþykkt samhljóða.

Á fundinum lagði Þórarinn fram tvær aðrar tillögur, annars vegar um að skipuð yrði nefnd kvenna til að undirbúa stofnun húsmæðraskóla í héraðinu og hins vegar að hugað yrði að því að koma þar upp íþróttaleikvangi. Hlutu báðar þessar tillögur brautargengi.

Strax á fyrstu starfsfundum stórnar eru lögð frekari drög að fjársöfnun fyrir húsmæðraskóla og einnig hugað að söfnun muna með það í huga að stofna byggðasafn. Segir svo í fundargerð fjórða fundar, 28. febrúar 1946: „Formaður [Eyjólfur Jóhannesson] hafði framsögu um fyrirhugað byggðasafn, fórust honum orð á þá leið, að það væri mikils virði fyrir þjóðina að eiga bókasöfn, þar mætti lesa á bókfelli það sem öðrum væri gleymt, en að eiga safn gamalla muna væri ekki síður mikils virði fyrir áttahagana, lýsti formaður því næst með hverjum hætti stjórnin hugsaði sér leið til fjáröflunar til hins fyrirhugaða byggðasafns, það væri með því að gefa út myndasafn er hétu Borgarfjörður í myndum...“²

Einnig eru á fyrstu fundum lögð drög að stofnun kórs á vegum félagsins og var Helgi Hallgrímsson frá Grímsstöðum á Mýrum þar aðal hvatamaður. Sjálfur bauðst hann til að annast raddæfingar en sonur hans Hallgrímur Helgason tónskáld stjórnaði kórnum á samæfingum. Úr þessu varð blandaður kór sem söng þegar á 5. fundi félagsins, sem haldinn var 13. maí 1946 í Sjálfstæðishúsinu í Reykjavík. Hallgrímur Helgason stjórnaði söngnum.

Á næstu fundum er m.a. rætt um örnefnasöfnun og húsmæðraskóli er reglulega á dagskrá. Á fyrsta fundi ársins 1947 kemur fram að þegar höfðu safnast 12.500 kr. fyrir skólann. Með framlagi frá Ríkissjóði yrði þessi upphæð um 50.000 krónur og ætti að kaupa fyrir það fé hljóðfæri fyrir skólann og fjárfesta í vísi að bókasafni fyrir hann.

Á aðalfundi félagsins 29. janúar 1947 fer fram athyglisverð umræða um félagsgjöld. Verður þar niðurstaðan að karlar skuli greiða 20 kr. en konur 15 kr. Í rökstuðningi gjaldkera fyrir þessu er þetta: „...vegna þess að margar konur félagsins væru giftar og að margar af ungu stúlkunum væru hér við nám og hefðu því sennilega ekki mikla peninga undir höndum.“³

Nefndir voru stofnaðar á félagsfundum og má þar nefna fréttanefnd, íþróttanefnd, taflnefnd, söngnefnd, hannyrðanefnd og leiknefnd auk Bridgenefndar. Ekki var starfsemin þó jafn virk í öllum þessum nefndum. Á aðalfundi í Tjarnarbúð 7. febrúar 1974 er bókað svo hljóðandi: „Stefán Hannesson flutti þau sorgartíðindi að Bridgedeildin væri nú endanlega dauð, en hefði látið eftir sig arf – kr. 26.000 sem hann vildi afhenda gjaldkera. Formaður samhryggðist Stefáni og ráðlagði honum að leggja kapal í stað Bridge.“⁴

² 1945. Fundargerðarbók 1945-2001, bls. 18.

³ 1945. Fundargerðarbók 1945-2001, bls. 23.

⁴ 1974. Fundargerðarbók 1945-2001, bls. 204.

Á aðalfundi 1975 voru málefni byggðasafnsins sem oftast til umræðu og er skrifað svo í fundargerð: „Kristín Guðmundsdóttir skýrði frá því að 25. mars á síðasta ári hefði verið haldinn fundur í Borgarnesi en þá hefði verið liðið á þriðja ár frá síðasta fundi. Það kom í ljós hjá Kristínu að búið væri að sækja um lóð undir nýtt hús fyrir Byggðasafnið og að einnig væri búið að greiða upp skuld safnsins og að húsið væri metið á um 20 millj. króna. Eign Borgfirðingafélagsins næmi því í kringum 2,2 milljónir.“⁵

Um árabíl stóð félagið fyrir Snorrahátið í Reykholti. Á hátíðinni 1947 annaðist félagið m.a. dansskemmtun að lokinni dagskrá.

Á næstu árum er safnað fyrir hugðarefnum eins og íþróttamiðstöð og byggðasafni.⁶ Árið 1947 var ákveðið að festa kaup á örnefnasafni sem litið var á sem fyrsta vísi að byggðasafni. Var ágóða af Snorrahátiðinni í Reykholti 1947 m.a. varið til verkefnisins og það var Ari Gíslason kennari sem skráði.⁷

Árið 1949 voru liðin þrjú ár frá stofnun félagsins og félagar orðnir um 400 talsins.⁸ Árið 1953⁹ er bókað að Kvenfélagasambandið og Ungmennafélagið hafi haft samband um samvinnu um verðandi byggðasafn sem Borgfirðingafélagið hafði þá safnað fyrir um nokkurt skeið. Nokkrum árum áður hafi félagið staðið fyrir myndbandsupptökum í réttum í Borgarfirði og annaðist Guðni Þórðarson þær. Á fundum voru einnig reglulegar fréttir fluttar af Sögufélagi Borgarfjarðar, gjarnan af Þuríði Kristjánsdóttur sem var ötul í störfum fyrir það félag. Einnig var rætt um byggingu félagsheimilis og klukku í Saurbæjarkirkju. Félagið stóð einnig fyrir spilakvöldum og Borgfirðingakvöldvökum í útvarpi og fjarnan lauk aðalfundum með dansi.

Árið 1957 gaf félagið skrauthlið á Skallagrímsgarð í Borgarnesi. Sem dæmi um kraftinn í starfseminni það ár má nefna að stjórnin hélt 13 fundi, sjö spilakvöld auk ársátíðar.¹⁰ Á aðalfundi 1960 var eftirfarandi bókað um málefni byggðasafns: „Byggðasafn Borgarfjarðar hefur nú fengið stjórn og var ákveðið að einn stjórnarmanna sé úr Borgfirðingafélaginu, hafði formaður [Guðmundur Illugason] gert sér ferð uppeftir vegna þessara mála. Hvatti hann félagsmenn til að safna gömlum munum og gefa safninu.“¹¹

⁵ 1949. Fundargerðarbók 1945-2001, bls. 213.

⁶ 1949. Fundargerðarbók 1945-2001, bls. 34.

⁷ 1947. Borgfirðingafélagið kaupir örnefnasafn. Vísir, 17. október, bls. 8.

⁸ 1949. Útvarpstíðindi, bls. 156.

⁹ 1953. Fundargerðarbók 1945-2001, bls. 57.

¹⁰ 1957. fundargerðarbók 1945-2001, bls. 93.

¹¹ 1960. fundargerðarbók 1945-2001, bls. 124.

Einnig voru lagðar fram beinar peningagjafir til safnsins. Á aðalfundi árið 1971¹² leggur Guðmundur Illugason, þá fulltrúi félagsins í stjórn þess fram tillögu um að greitt yrði til rekstrar þess kr. 300.000 krónur, vegna húsnæðiskostnaðar. Áður hafði félagið greitt 30.000 kr. til safnsins. Urðu um þetta nokkrar umræður á fundinum og voru ekki allir á sama máli. Guðmundur sagði að engin skuldbinding væri í félaginu, en upphæð sú, sem nefnd hefði verið væri 1/5 hluti þess sem vantaði og félagið væri einn af 5 stofnendum Byggðasafnsins. Málið var ekki útkljáð á fundinum en hann sótti 41 félagsmaður.

Félagið hafði fljótlega komið sér upp vísi að sumarhúsi í landi Svignaskarðs í Borgarhreppi og var það kallað Borgarsel. Á fundum félagsins var alltaf skýrsla frá Borgarselsnefnd enda mikil umsýsla með húsið, bæði vegna rekstrar og viðhalds. Kvinnadeild var starfrækt í félaginu og á aðalfundi árið 1984 kom fram að hún hefði þá starfað í 20 ár og haldið alls um 150 fundi. Meðal annars hafði deildin staðið fyrir gjöfum til sjúkra og aldraðra. Félagskonur voru á þessum tíma 70 talsins.¹³

Nokkuð gott yfirlit um starfsemi félagsins má fá með því að grípa niður í skýrslu stjórnar á aðalfundi árið 1988. Þar segir m.a. „Formaður [Sigurður Bjarnason] greindi frá því að haldnir hefðu verið 7 fundir á síðasta starfsári og að helsta sem bar á fjörur félagsins hefði verið árshátíð sem haldin var í Borgarnesi og var hún vel sótt. Eldrafólks kaffi hefði verið eins og venjulega. Haldinn var haustfagnaður og var einnig mjög góð mæting þar. Spiladagar voru 2 fyrir áramót og 2 eftir áramótin. Þátttaka var svipuð og undanfarin ár. Einnig kom fram í pistli formanns að hópur fólks hefði farið í Borgarsel og tekið þar til hendinni. Gengið var með girðingum og lagfært sem úr lagi hafði farið. Einnig var húsið þrifið að innan og málað að utan. Formaður skýrði frá stofnun sönghóps innan félagsins og væru söngæfingar 2 kvöld í viku og þarna væru 15-20 manns að jafnaði og stjórnandi Snorri Bjarnason frá Kjalvararstöðum...“¹⁴

Á sama fundi er sem endranær sagt frá málefnum Sögufélagsins og Byggðasafnsins. Kristín Guðmundsdóttir fulltrúi félagsins í stjórn safnsins greindi frá því að það hefði fengið forkaupsrétt að neðri hæð hússins Bjarnarbrautar 4-6 í Borgarnesi. Þar er safnið enn í dag ásamt fjórum öðrum söfnum undir heitinu Safnahús Borgarfjarðar.

Á síðustu árum 20. aldar fór félögum heldur að fækka og starfsemin að minnka. Peningaleg staða var þó góð. Greinargerðir deilda voru fluttar og Sölvi Óskarsson var endurkjörinn formaður félagsins. Hann vakti athygli á því að félögum fækkaði og meiri deyfð væri yfir starfinu. Hann varpaði einnig fram þeirri spurningu hvernig ætti að bregðast við ef það legði upp laupana. Það mál var ekki útrætt svo bókað væri, en Sigríður Skarphéðinsdóttir tók undir orð Sölva. Hún sagði að félagið hefði gengt þörfu hlutverki áður þegar sjaldan var farið upp í

¹² 1971. Fundargerðarbók 1945-2001, bls. 188.

¹³ 2000. Fundargerðarbók 1945-2001, bls. 256

¹⁴ 1988. Fundargerðarbók 1945-2001, bls. 264

hérað og félagslíf í bænum var lítið, en það sé nú svipað ástand hjá flestum áttthagafélögum.¹⁵

Þegar þarna er komið sögu er farið að síga á seinni hlutann hjá Sögufélaginu í útgáfu borgfirskra æviskráa og ellefu bindi komin út. Greint er frá útgáfunni á fundum og félagið fylgist einnig eftir fönngum með starfsemi byggðasafnsins. Krafturinn í félagsstarfinu lætur þó áfram á sjá og á aðalfundi árið 2001 er daufleg þátttaka aftur til umræðu. Engar lausnir eru þó í sjónmáli.¹⁶

Á stjórnarfundi 5. febrúar 2014 er snýst aðal umræðan um framtíð félagsins. Formaðurinn ætlaði þá ekki að gefa kost á sér áfram og alltaf er erfiðara að halda úti rekstri félagsins, vegna minnkandi áhuga félagsmanna.¹⁷

Á aðalfundi 29. mars 2016 er sem ákveðið hafi verið að leggja félagið niður, aðalfundargerð finnst ekki í fundargerðarbók. Á stjórnarfundi 2. maí 2016 er fundargerð svo hljóðandi: „Stjórnarfundur haldinn á heimili formanns, Ásgerðar Karlsdóttur. Mætt voru Erna S. Kjærnested ritari, Kristófer Kristófersson, Ásta Benediktsdóttir og Þráinn Kristinsson. Ástæða fundarins var slit á Borgfirðingafélaginu í Rvk. Búið er að afhenda Eflingu bústaðinn.“¹⁸

Í lok nóvember 2017 kom Þráinn Kristinsson frá Gunnlaugsstöðum í Safnahús Borgarfjarðar fyrir hönd Borgfirðingafélagsins og afhenti byggðasafn Borgarfjarðar 720.000 krónur úr eigu félagsins. Ennfremur færði hann Héraðsskjalasafninu gögn um starfsemi félagsins s.s. fundargerðarbækur þess. Þráinn hafði þá fylgst vel með félaginu sem stjórnamaður um áratuga skeið. Meðal gagnanna sem hann kom með voru tvær gestabækur, báðar útskornar, auk stimpils félagsins þar sem sjá mátti Baulu í Norðurárdal.

Í tilefni af starfslokum og gjöf félagsins til byggðasafnsins var birt frétt á vef Safnahúss 1. desember 2017. Lauk henni með þessum orðum: „Á þessum tímamótum ber að þakka það merka og farsæla menningarstarf sem unnið hefur verið af félögum Borgfirðingafélagsins gegnum tíðina. Félagið hefur verið og er einnig nú með gjöf sinni verðmætur stuðningur við borgfirskan menningararf.“¹⁹

Samantekt í desember 2017, Guðrún Jónsdóttir.

Helstu heimildir:

1945. Fundargerðarbók 1945-2001, Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar.

1947. Borgfirðingafélagið kaupir örnefnasafn. Vísir, 17. okt., bls. 8.

1949. Kvöldvaka Borgfirðingafélagsins. Útvarpstíðindi, bls. 156.

¹⁵ 1988. Fundargerðarbók 1945-2001, bls. 294

¹⁶ 2001. Fundargerðarbók 1945-2001, bls. 299

¹⁷ 2014. Fundargerðarbók stjórnar 1984-2016, bls. 107.

¹⁸ 2016. Fundargerðarbók stjórnar 1984-2016, bls. 109.

¹⁹ 2017. Guðrún Jónsdóttir. www.safnahus.is 1. desember.

Lög félagsins eins og þau voru samþykkt á stofnfundi þess 12. desember 1945²⁰

Félagið heitir Borgfirðingafélagið, heimilsfang þess er í Reykjavík.

2. gr.

Félagsmenn geta þeir orðið, sem fæddir eru í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað og þeir, sem dvalist hafa þar um alllangt skeið, eiginmenn þeirra eða eiginkonur og börn.

3. gr.

Ætlun félagsins er: að auka og viðhalda kynningu milli Borgfirðinga í félaginu og þeirra sem búsettir eru heima í héraði, og styðja og efla borgfirska menningu eftir megni.

Ætlun sinni hyggst félagið að ná með ýmiskonar fræðslu- og skemtistarfsemi.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa 7 menn, formaður, ritari, gjaldkeri og þrjú meðstjórnendur, og er hún kosin á aðalfundi félagsins er haldinn skal í janúarmánuði ár hvert. Formaður er kosinn sérstaklega en annars skiptir stjórnin með sér verkum. Einnig skal kjósa þrjú menn í varastjórn, skulu þeir kosnir í einu lagi.

Kjósa skal tvo endurskoðendur og tvo varamenn þeirra.

Kosning stjórnar og endurskoðenda sé leynileg.

Aðalfundur er löglegur ef 75 félagsmenn eru mættir. Verði aðalfundur ólögmaður skal stjórnin boða til fundar á ný, og er hann þá lögmætur án tillits til fundarsóknar.

5. gr.

Stjórnin sér um allar framkvæmdir félagsins utan fundar, og er henni heimilt að skipa menn í nefndir, með samþykki félagsfundar, sér til aðstoðar við lausn ákveðinna verkefna.

6. gr.

Allir félagsfundir skulu auglýstir í dagblöðum bæjarins með minnst þriggja daga fyrirvara. Ef 25 félagsmenn eða fleiri krefjast þess að fundur sé haldinn, og tilgreina fundarefni, skal stjórnin boða til fundar innan hálf mánaðar.

Á fundum félagsins ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum, nema um lagabreytingar sé að ræða. Almennir fundir eru lögmætir ef löglega er til þeirra boðað.

7. gr.

Árgjald til félagsins er (10) tíu krónur og skal það greitt fyrir 1. apríl.

8. gr.

Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundum félagsins, enda séu 2/3 hlutar félagsmanna því samþykkir.

²⁰ 1945. Fundargerðarbók 1945-2001, bls. 11-13.